

# Frumvarp til fjárukalaga

fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997.

(Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998–1999.)

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1997 verða eftirtaldar breytingar á 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1997, sbr. lög nr. 120/1997:

<i><b>Tekjur</b></i>	m.kr.
Tekjuskattar .....	167,0
Tryggingagjöld, launaskattar .....	-9,0
Eignarskattar .....	144,0
Skattar á vörur og þjónustu .....	-169,0
Aðrar tekjur .....	75,0
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>208,0</b>
<i><b>Gjöld</b></i>	
Æðsta stjórn ríkisins .....	-32,6
Forsætisráðuneyti .....	-85,3
Menntamálaráðuneyti .....	-190,5
Utanríkisráðuneyti .....	-277,0
Landbúnaðarráðuneyti .....	17,8
Sjávarútvegsráðuneyti .....	-123,4
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	11,3
Félagsmálaráðuneyti .....	-388,8
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	-332,2
Fjármálaráðuneyti .....	-1.088,8
Samgönguráðuneyti .....	-320,4
Iðnaðarráðuneyti .....	-51,6
Viðskiptaráðuneyti .....	12,3
Hagstofa Íslands .....	3,5
Umhverfissráðuneyti .....	-29,7
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>-2.875,4</b>
 <b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	 <b>3.083,4</b>
<i><b>Lánahreyfingar</b></i>	
Veitt lán, nettó .....	38,0
<b>Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs .....</b>	<b>-3.045,4</b>
Afborganir af teknum lánnum .....	247,0
<b>Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs .....</b>	<b>-3.292,4</b>
Lántökur .....	-2.417,0
<b>Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting .....</b>	<b>875,4</b>
	<u><b>Prentað upp.</b></u>

## 2. gr.

Leitað er eftir heimild til greiðslu gjalda til viðbótar ákvæðum 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1997, sbr. 2. gr. laga nr. 120/1997, og er sundurliðun á viðfangsefni eftirfarandi:

**00 Æðsta stjórn ríkisins**

101-101	Yfirstjórn .....	3,5	
101-150	Fálkaorðan .....	0,3	
201-102	Aðalskrifstofa .....	0,8	
201-104	Rekstrarskrifstofa .....	5,3	
201-621	Fasteignir .....	4,0	
211-115	Efling íslenskrar tungu .....	5,7	
401-101	Hæstiréttur .....	4,4	
520-101	Opinberar heimsóknir .....	4,1	
610-101	Umboðsmaður Alþingis .....	0,2	
620-601	Tæki og búnaður .....	2,0	
999-111	Undirbúningur að 1000 ára afmæli kristnitöku ..	0,7	
	Samtals		31,0

**01 Forsætisráðuneyti**

101-101	Yfirstjórn .....	0,2	
101-120	Stjórnarráðshús .....	0,1	
190-190	Ýmis verkefni .....	3,5	
190-191	Heimssýning í Lissabon .....	4,0	
190-195	Safnahús við Hverfisgötu .....	0,8	
241-601	Tæki og búnaður .....	2,6	
902-101	Þjóðgarðurinn á Þingvöllum .....	10,8	
	Samtals		22,0

**02 Menntamálaráðuneyti**

101-101	Yfirstjórn .....	3,9	
201-105	Aðrar stofnanir og verkefni .....	85,3	
202-101	Tilraunastöð Háskólans að Keldum .....	2,4	
203-102	Rekstur fasteigna .....	1,2	
203-103	Rannsóknastofur .....	5,5	
203-103	Rannsóknastofur .....	0,3	
204-111	Íslenskukennsla erlendis .....	0,2	
210-102	Rannsóknastarfsemi .....	6,8	
211-101	Tækniskóli Íslands .....	29,9	
221-101	Yfirstjórn .....	4,5	
221-104	Stoðþjónusta .....	2,5	
221-105	Kennsla .....	5,7	
221-110	Íslenska menntanetið .....	0,7	
221-120	Endurmenntun .....	1,3	
223-101	Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála ...	11,1	
236-660	Vísindasjóður .....	0,4	
237-660	Tæknisjóður .....	0,6	

301-101	Kennsla í dagskóla	1,3
302-101	Kennsla í dagskóla	9,6
302-102	Annað en kennsla	10,1
303-101	Kennsla í dagskóla	13,7
304-101	Kennsla í dagskóla	27,0
304-109	Önnur kennsla	2,0
305-101	Kennsla í dagskóla	3,7
305-102	Annað en kennsla	5,3
306-101	Kennsla í dagskóla	0,7
306-102	Annað en kennsla	3,1
306-102	Annað en kennsla	0,4
307-101	Kennsla í dagskóla	4,5
307-102	Annað en kennsla	4,0
308-101	Kennsla í dagskóla	8,9
308-102	Annað en kennsla	25,7
309-101	Kennsla í dagskóla	0,4
309-102	Annað en kennsla	3,5
317-101	Sameignir skólanna á Laugarvatni	1,5
318-150	Leigutekjur	32,3
318-590	Viðhald	26,7
318-640	Tæki og búnaður	10,8
318-650	Tölvubúnaður	1,0
319-113	Forfallakennsla	2,8
319-115	Prófkostnaður	27,9
319-116	Nýjungar í skólastarfi	2,1
319-118	Námsefnisgerð	0,4
319-119	Kennslueftirlit	0,4
319-130	Endurmenntun	3,4
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	2,3
319-140	Framhaldsskólar, óskipt	0,6
350-101	Kennsla í dagskóla	18,1
350-109	Önnur kennsla	16,8
351-101	Kennsla í dagskóla	5,1
351-102	Annað en kennsla	0,3
351-601	Tæki og búnaður	0,5
352-101	Kennsla í dagskóla	23,3
352-109	Önnur kennsla	2,2
353-101	Kennsla í dagskóla	0,4
354-101	Kennsla í dagskóla	3,7
354-101	Kennsla í dagskóla	0,4
354-102	Annað en kennsla	6,5
354-103	Reykholt, kennsla	0,7
355-101	Kennsla í dagskóla	0,5
356-101	Kennsla í dagskóla	0,4
356-102	Annað en kennsla	0,4
357-101	Kennsla í dagskóla	5,1

357-101	Kennsla í dagskóla .....	0,4
358-101	Kennsla í dagskóla .....	0,4
358-101	Kennsla í dagskóla .....	0,4
358-102	Annað en kennsla .....	0,3
359-101	Kennsla í dagskóla .....	18,5
359-101	Kennsla í dagskóla .....	0,7
359-109	Önnur kennsla .....	12,0
360-101	Kennsla í dagskóla .....	11,5
361-102	Annað en kennsla .....	6,9
362-102	Annað en kennsla .....	2,7
363-101	Kennsla í dagskóla .....	2,9
363-101	Kennsla í dagskóla .....	0,2
363-102	Annað en kennsla .....	1,6
365-101	Kennsla .....	16,9
365-102	Annað en kennsla .....	1,7
430-101	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	5,7
430-103	Völundur, námsgagnagerð .....	1,4
441-101	Kennsla .....	4,5
506-101	Kennsla í dagskóla .....	4,7
506-601	Tæki og búnaður .....	0,1
507-101	Kennsla í dagskóla .....	12,7
507-110	Endurmenntunarnámskeið .....	0,6
514-102	Annað en kennsla .....	14,2
514-109	Önnur kennsla .....	8,0
514-601	Tæki og búnaður .....	30,1
516-101	Kennsla í dagskóla .....	0,1
523-102	Annað en kennsla .....	1,8
523-109	Önnur kennsla .....	9,5
524-102	Annað en kennsla .....	1,5
531-101	Kennsla í dagskóla .....	2,4
531-102	Annað en kennsla .....	1,9
541-101	Kennsla .....	1,3
551-101	Kennsla .....	4,7
561-102	Annað en kennsla .....	6,2
562-101	Kennsla í dagskóla .....	1,9
562-102	Annað en kennsla .....	0,9
564-101	Kennsla .....	11,4
571-101	Sjómannaskólahúsið .....	1,8
610-110	Héraðsskólinn Núpi .....	0,1
610-120	Héraðsskólinn Reykjanesi .....	0,2
720-170	Höfundagreiðslur samkvæmt gerðardómi .....	0,7
720-180	Sérkennsla í grunnskólum, óskipt .....	0,5
720-182	Þróunarstarf í grunnskólum .....	0,3
720-190	Grunnskólar, óskipt .....	11,5
725-101	Námsgagnastofnun .....	1,2
750-501	Viðhald .....	4,2

750-601	Tæki og búnaður	1,1
804-101	Kvikmyndaskoðun	0,4
872-101	Lánasjóður íslenskra námsmanna	0,1
884-101	Jöfnun á námskostnaði	19,9
903-101	Þjóðskjalasafn Íslands	10,6
903-101	Þjóðskjalasafn Íslands	0,4
905-101	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	7,1
905-101	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	1,1
906-101	Listasafn Einars Jónssonar	0,9
907-101	Listasafn Íslands	13,9
907-101	Listasafn Íslands	0,4
981-101	Kvikmyndasjóður	45,2
981-102	Kvikmyndasafn Íslands	2,0
982-127	Tónlist fyrir alla	0,7
982-128	Barnmenningarsjóður	0,1
983-110	Fræðistörf	11,4
983-121	Tónlistarsaga Íslands	0,3
983-123	Hið íslenska bókmenntafélag	0,2
984-190	Norræn samvinna	0,8
999-190	Ýmis framlög	5,2

Samtals

827,8

**03 Utanríkisráðuneyti**

101-101	Yfirstjórn	6,8
101-101	Yfirstjórn	1,6
101-102	Varnarmálaskrifstofa	1,5
201-101	Yfirstjórn	0,7
201-120	Ríkislögregla á Keflavíkurlflugvelli	7,5
201-610	Bifreiðar	1,7
304-101	Sendiráð Íslands í Moskvu	0,8
306-101	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	5,8
308-101	Sendiráð Íslands í Washington	2,9
309-101	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	4,9
317-101	Sendiráð Íslands í Helsinki	0,2
320-690	Tæki og búnaður	12,0
401-110	Sameinuðu þjóðirnar, UN	4,0
401-113	Meningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO	0,3
401-115	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA	0,1
401-139	Evrópuráðið	0,5
401-149	Gæslulið Sameinuðu þjóðanna í Líbanon, UNIFIL	1,6
401-163	Friðargæsla Sameinuðu þjóðanna í Angóla, UNAVEM-II	6,6
401-170	Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA	3,3

401-173	Þróunarsjóður EFTA .....	15,6
401-175	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE ....	0,3
511-110	Flugstöð Leifs Eiríkssonar .....	0,9
	Samtals	79,6

#### 04 Landbúnaðarráðuneyti

101-101	Yfirstjórn .....	3,1
190-112	Mat á búvörum .....	6,9
190-115	Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða .....	1,1
190-151	Norður-Atlantshafslaxveiðinefndin, NASCO ...	0,2
190-190	Ýmis verkefni .....	4,7
211-101	Rannsóknastofnun landbúnaðarins .....	1,9
221-101	Veiðimálastofnun .....	11,2
233-101	Yfirdýralæknir .....	15,0
233-125	Sauðfjárveikivarnir .....	18,2
261-101	Bændaskólinn á Hvanneyri .....	1,5
261-601	Tæki og búnaður .....	7,4
261-620	Fasteignir og lóðir .....	8,0
271-501	Viðhaldsfé .....	12,9
283-625	Tilraunagróðurhús .....	12,2
293-101	Hagþjónusta landbúnaðarins .....	0,4
311-101	Landgræðsla ríkisins .....	3,7
311-190	Fyrirhleðslur .....	10,5
311-601	Tæki og búnaður .....	10,3
321-101	Skógrækt ríkisins .....	9,2
321-101	Skógrækt ríkisins .....	11,4
321-110	Rannsóknastöðin Mógilsá .....	4,9
321-190	Sérstök verkefni .....	6,5
331-110	Skógræktaráttak á Fljótsdalshéraði .....	3,1
805-101	Beinar greiðslur til bænda .....	7,8
805-130	Uppkaup á fullvirðisrétti .....	46,7
	Samtals	218,8

#### 05 Sjávarútvegsráðuneyti

101-101	Yfirstjórn .....	1,9
190-121	Fiskifélag Íslands, sjóvinnukennsla .....	3,0
190-142	Verktakasamningur um upplýsingaöflun .....	0,8
190-190	Ýmislegt .....	2,5
202-531	Viðhald skipa .....	15,6
203-101	Almenn starfsemi .....	11,7
204-101	Fiskistofa .....	0,1
204-601	Tæki og búnaður .....	5,1
901-130	Keldnaholt .....	0,8
901-530	Keldnaholt, viðhald .....	0,3
	Samtals	41,8

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**

101-101	Yfirstjórn .....	20,4
190-121	Próf málflytjenda .....	2,5
190-122	Próf skjalapýðenda .....	0,7
190-123	Próf fasteignasala .....	0,1
190-132	Tölvunefnd .....	0,6
190-133	Mannanafnanefnd .....	0,3
190-144	Alþjóðasjómælingastofnunin, IHB .....	0,1
190-146	Landskjörstjórn .....	0,7
201-101	Yfirstjórn .....	3,2
211-102	Héraðsdómur Reykjavíkur .....	2,7
213-102	Héraðsdómur Vestfjarða .....	0,3
215-102	Héraðsdómur Norðurlands eystra .....	1,4
216-102	Héraðsdómur Austurlands .....	0,4
217-102	Héraðsdómur Suðurlands .....	0,8
232-110	Opinber réttaraðstoð .....	22,2
290-111	Meðdómsmenn .....	2,8
291-601	Húsnæði Hæstaréttar .....	0,2
301-105	Ríkissaksóknari .....	0,3
302-102	Rannsóknarlögregla ríkisins .....	22,3
303-101	Ríkislögreglustjóri .....	5,5
305-101	Lögregluskóli ríkisins .....	0,3
311-101	Lögreglustjórinn í Reykjavík .....	45,8
325-110	Neyðarsímsvörun .....	0,7
331-110	Ökunám .....	7,1
341-110	Matsnefnd vínveitingahúsa .....	1,1
341-120	Fíkniefnamál .....	0,2
341-125	Átak í löggæslu vegna fíkniefnamála .....	0,3
390-110	Ýmis löggæslukostnaður .....	1,5
390-110	Ýmis löggæslukostnaður .....	0,1
390-610	Bifreiðir .....	10,1
411-101	Yfirstjórn .....	0,4
412-101	Yfirstjórn .....	11,5
412-120	Löggæsla .....	14,7
413-101	Yfirstjórn .....	4,6
413-120	Löggæsla .....	0,5
414-101	Yfirstjórn .....	3,3
415-101	Yfirstjórn .....	0,2
416-101	Yfirstjórn .....	2,8
416-120	Löggæsla .....	3,9
417-101	Yfirstjórn .....	0,2
417-120	Löggæsla .....	0,9
418-101	Yfirstjórn .....	3,0
418-140	Tollgæsla .....	1,5
419-120	Löggæsla .....	0,9
420-101	Yfirstjórn .....	0,4

421-101	Yfirstjórn	1,6
421-120	Löggæsla	1,7
422-101	Yfirstjórn	0,1
423-101	Yfirstjórn	0,2
423-120	Löggæsla	1,1
424-101	Yfirstjórn	14,3
424-140	Tollgæsla	1,2
425-101	Yfirstjórn	1,1
426-101	Yfirstjórn	3,1
426-120	Löggæsla	1,5
427-101	Yfirstjórn	0,8
427-120	Löggæsla	0,4
429-101	Yfirstjórn	0,3
430-101	Yfirstjórn	0,4
430-120	Löggæsla	1,0
431-101	Yfirstjórn	0,9
431-120	Löggæsla	1,7
432-140	Tollgæsla	0,2
433-101	Yfirstjórn	5,2
433-120	Löggæsla	2,8
433-140	Tollgæsla	1,4
434-101	Yfirstjórn	7,3
434-120	Löggæsla	2,3
434-140	Tollgæsla	0,5
436-140	Tollgæsla	1,2
437-120	Löggæsla	3,4
490-110	Ýmis sameiginlegur kostnaður	10,3
490-160	Gagnalínukostnaður	2,4
491-660	Upplýsingakerfi sýslumanna	23,9
701-101	Yfirstjórn	16,8
701-111	Vígslubiskup Skálholti	0,3
701-121	Prestar og prófastar	10,3

Samtals

323,2

**07 Félagsmálaráðuneyti**

101-101	Yfirstjórn	0,3
101-199	Framkvæmdaáætlun um jafnréttismál	1,3
272-601	Byggingarsjóður verkamanna	4,5
302-101	Ríkissáttasemjari	0,3
311-101	Jafnréttisráð	2,7
321-110	Námssjóður	0,6
321-601	Tæki og búnaður	4,1
0,4-101	Barnaverndarstofa	0,5
0,4-120	Heimili fyrir börn og unglina	15,9
0,4-620	Bygging móttöku- og meðferðarstöðvar	4,5
401-101	Barnaverndarráð	1,0



700-109	Rekstrarhagræðing	1,0
700-120	Vistun geðfatlaðra	1,7
700-150	Laun vegna forfalla, orlofs o.fl.	2,5
700-180	Starfsþjálfun	0,4
701-101	Svæðisskrifstofa	12,9
701-120	Sambýli	6,2
701-126	Sambýli Stigahlíð 71	1,1
701-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	3,6
701-160	Dagvistun	3,9
701-177	Vistheimili fyrir börn	3,6
702-101	Svæðisskrifstofa	14,2
702-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,8
702-140	Leikfangasafn Keflavík	0,1
702-160	Skammtímvistun	8,6
702-164	Hæfingarstöðvar	2,9
703-120	Sambýli Akranesi	0,2
703-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,7
703-161	Skammtímvistun	0,6
704-101	Svæðisskrifstofa	9,4
704-134	Þjónusta í Austur-Barðastrandarsýslu	0,2
705-120	Sambýli	2,1
705-160	Skammtímvistun	0,5
705-161	Dagvistun	6,3
706-101	Svæðisskrifstofa	0,5
706-120	Sambýli	0,5
706-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	0,2
706-186	Samningur við Akureyrarbæ um þjónustu við fatlaða	0,9
707-120	Sambýli Egilsstöðum	2,0
707-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	2,0
707-130	Verndaður vinnustaður Egilsstöðum	0,4
707-150	Þjónustumiðstöð Vonarlandi	0,1
707-186	Samningur við Hornafjarðarbæ um þjónustu við fatlaða	3,4
708-120	Sambýli Selfossi	2,4
708-129	Liðveisla skv. 25. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra	1,7
708-130	Verndaður vinnustaður Selfossi	3,8
708-170	Lambhagi	1,0
708-186	Samningur við Vestmannaeyjabæ um þjónustu við fatlaða	29,1
710-170	Heimili einhverfra	4,5

711-120	Samþýli .....	4,6
711-160	Dagvistun Lækjarási .....	2,1
711-161	Dagvistun Bjarkarási .....	3,2
711-162	Dagvistun Lyngási .....	5,8
711-163	Skammtímavistun Víðihlíð 9 .....	0,2
711-164	Skammtímavistun Hólabergi .....	0,3
750-101	Yfirstjórn .....	4,7
981-110	Félagsdómur .....	0,8
981-181	Alþjóðavinnumálastofnunin, ILO .....	0,5
999-150	Framkvæmd laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga .....	0,2
999-153	Framkvæmd laga nr. 26/1994, um fjöleignahús, og laga nr. 36/1994, húsaleigulög .....	1,2

Samtals

195,3

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**

101-601	Tæki og búnaður .....	0,7
201-101	Tryggingastofnun ríkisins .....	6,2
206-110	Sjúkratryggingar .....	63,9
208-110	Slysatryggingar .....	30,0
301-101	Yfirstjórn .....	14,8
301-110	Læknaráð .....	0,1
311-101	Héraðslæknir í Reykjavík .....	0,3
324-101	Heyrnar- og talmeinstöð Íslands .....	0,6
324-101	Heyrnar- og talmeinstöð Íslands .....	10,0
327-101	Geislavarnir ríkisins .....	0,5
330-101	Manneldisráð .....	0,3
340-690	Styrkir til ýmissa framkvæmda .....	1,8
365-101	Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi .....	6,3
370-650	Stofnframkvæmdir vegna endurskipulagningar .	23,6
371-101	Ríkisspítalar .....	124,4
371-560	Stjórnarnefnd, viðhald .....	106,0
371-670	Nýframkvæmdir á Landspítalalóð .....	31,9
381-690	Bygging sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og læknisbústaða .....	55,7
385-601	Stofnkostnaður og endurbætur .....	61,0
393-111	Lyfjaverðsnefnd .....	0,3
399-153	Tóbaksvarnir .....	3,5
399-163	Áfallahjálpi .....	1,5
399-165	Heilsuefling .....	2,9
402-601	Tæki og búnaður .....	0,1
404-501	Viðhald .....	0,1
422-501	Viðhald .....	0,1
431-101	Endurhæfingardeild .....	7,0
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt .....	11,6
500-110	Heilsugæslustöðvar, almennt .....	28,4

500-115	Leigutekjur starfsmannaíbúða .....	8,9
500-501	Viðhald, óskipt .....	1,7
500-690	Tölvuvæðing .....	5,2
510-101	Heilsuverndarstöðin í Reykjavík .....	31,7
511-110	Heilsugæslustöðin Árbæ .....	6,4
511-120	Heilsugæslustöðin Grafarvogi .....	8,7
512-110	Heilsugæslustöðin Efra-Breiðholti .....	13,9
512-120	Heilsugæslustöðin Mjódd .....	5,9
512-601	Tæki og búnaður .....	0,8
513-110	Heilsugæslustöðin Fossvogi .....	5,3
513-601	Tæki og búnaður .....	0,9
514-120	Heilsugæslustöðin Miðbæ .....	4,4
522-101	Heilsugæslustöðin Borgarnesi .....	2,0
524-101	Heilsugæslustöðin Ólafsvík .....	0,1
541-501	Viðhald .....	0,1
552-101	Heilsugæslustöðin Dalvík .....	3,9
553-101	Heilsugæslustöðin Akureyri .....	1,4
555-101	Heilsugæslustöðin Kópaskeri .....	0,2
555-501	Viðhald .....	0,1
556-101	Heilsugæslustöðin Raufarhöfn .....	0,1
561-101	Heilsugæslustöðin Vopnafirði .....	0,5
566-101	Heilsugæslustöðin Fáskrúðsfirði .....	1,1
571-101	Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri .....	0,3
572-101	Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal .....	0,7
575-101	Heilsugæslustöðin Hellu .....	3,9
578-101	Heilsugæslustöðin Hveragerði .....	0,1
579-101	Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn .....	0,3
582-101	Heilsugæslustöðin Hafnarfirði .....	10,1
583-101	Heilsugæslustöðin Garðabæ .....	2,1
584-101	Heilsugæslustöðin Kópavogi .....	3,8
621-110	Áfengisvarnaráð .....	2,5
621-190	Forvarnasjóður .....	0,4

Samtal

721,1

**09 Fjármálaráðuneyti**

101-601	Tæki og búnaður .....	6,3
105-101	Ríkislögmaður .....	0,4
201-101	Yfirstjórn .....	9,8
201-110	Sameiginleg útgjöld ríkisskattstjóra og skattstofa .....	13,6
201-120	Skatteftirlit .....	0,1
202-101	Skattstofan í Reykjavík .....	3,6
212-101	Ýmis sameiginleg útgjöld .....	0,2
212-120	Olíugjald .....	5,9
215-601	Tæki og búnaður .....	4,3
250-110	Ýmis innheimtukostnaður .....	10,7
251-101	Gjaldheimtan í Reykjavík .....	8,8

261-101	Ríkistollstjóri .....	6,8
262-601	Tæki og búnaður .....	1,5
402-101	Fasteignamat ríkisins .....	0,1
402-105	Yfirfasteignamatsnefnd .....	0,4
481-601	Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum .....	25,4
981-692	Ýmsar fasteignir skv. 6. gr. fjárlaga .....	3,0
989-190	Launa- og verðlagsmál .....	33,4
995-103	Skattvinnslukerfi .....	27,4
995-105	Innheimtuskilakerfi .....	1,7
995-602	Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi .....	12,6
999-113	Kjarasamningar .....	11,7
999-114	Tryggingabætur samkvæmt kjarasamningum ...	1,7
999-115	Kjararannsóknir .....	0,4
999-117	Ýmis sameiginlegur kostnaður .....	2,0
999-119	Ýmsar endurgreiðslur .....	0,3
999-145	Ýmsar nefndir .....	5,8
999-160	Dómkröfur .....	13,6
999-165	Kjaradómur og kjaranefnd .....	3,1
999-171	Aðstoð vegna snjóflóðs á Flateyri .....	4,5
	Samtals	<hr/> 219,1

**10 Samgönguráðuneyti**

190-112	Vetrarsamgöngur og vöruflutningar .....	0,2
190-120	Rannsóknarnefnd sjóslysa .....	0,8
190-126	Alþjóðasiglingamálastofnunin, IMO .....	0,1
190-127	Slysavarnafélag Íslands .....	2,8
190-133	Flugeftirlitsnefnd .....	0,1
190-140	Stefnumótun í ferðamálum .....	0,2
190-163	Ferðaskrifstofan GCI á Íslandi .....	0,1
481-101	Rannsóknarnefnd flugslysa .....	2,5
512-101	Póst- og fjarskiptastofnun .....	22,7
651-101	Ferðamálaráð .....	0,3
651-181	Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 117/1994 .....	0,1
	Samtals	<hr/> 29,9

**11 Iðnaðarráðuneyti**

101-101	Yfirstjórn .....	0,3
101-601	Tæki og búnaður .....	1,0
201-101	Iðntæknistofnun Íslands .....	5,2
203-601	Tæki og búnaður .....	0,9
299-130	Alþjóðlegt samstarf .....	5,0
299-130	Alþjóðlegt samstarf .....	1,1
299-148	Átak til atvinnusköpunar .....	0,2
299-150	Nýsköpun og markaðsmál .....	2,6
299-160	Verkefnaútflutningur .....	1,1
299-160	Verkefnaútflutningur .....	2,3

301-101	Yfirstjórn .....	5,7	
399-115	Niðurgreiðsla á rafhitun .....	9,5	
399-121	Orkunefnd .....	1,5	
	Samtals		36,4
<b>12 Viðskiptaráðuneyti</b>			
101-101	Yfirstjórn .....	2,4	
190-110	Neytendasamtökin .....	1,7	
190-130	Endurskipulagning fjármagnsmarkaðar .....	0,2	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamíðstöðvar .....	0,9	
190-140	Undirbúningsnefnd verðbréfamíðstöðvar .....	0,2	
190-146	Prófnefndir .....	1,4	
190-190	Ýmis viðskipta- og bankamál .....	3,9	
302-101	Löggildingarstofa .....	7,4	
401-101	Vátryggingaeftirlitið .....	0,1	
903-101	Skráning hlutafélaga .....	1,1	
	Samtals		19,3
<b>13 Hagstofa Íslands</b>			
101-101	Yfirstjórn .....	5,2	
101-601	Tæki og búnaður .....	14,8	
	Samtals		20,0
<b>14 Umhverfissráðuneyti</b>			
101-101	Yfirstjórn .....	0,7	
101-101	Yfirstjórn .....	2,0	
101-601	Tæki og búnaður .....	2,7	
190-122	Stefnumörkun í umhverfismálum .....	0,7	
190-123	Ýmis umhverfisverkefni .....	22,9	
190-129	Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum .....	1,6	
190-159	Náttúruverndarráð .....	3,4	
205-101	Yfirstjórn .....	10,7	
205-601	Tæki og búnaður .....	3,7	
221-601	Tæki og búnaður .....	0,4	
301-101	Skipulagsstjóri ríkisins .....	7,9	
401-101	Yfirstjórn .....	0,9	
401-102	Setur í Reykjavík .....	23,6	
401-103	Setur á Akureyri .....	2,8	
401-601	Tæki og búnaður .....	4,8	
403-111	Náttúrustofa Vestmannaeyjum .....	3,3	
410-101	Almenn starfsemi .....	5,1	
	Samtals		97,2
	Samtals umframgjöld allra ráðuneyta		2.882,5

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

## Inngangur

Með frumvarpi þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur ríkissjóðs fyrir árið 1997, annars vegar um óhafnar fjárveitingar og hins vegar um greiðslur úr ríkissjóði umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum ársins 1997 og lögum nr. 120/1997, fyrri fjárukalögum fyrir árið 1997. Frumvarpið var flutt áður á vörþingi, en fékk ekki afgreiðslu þá, og er nú endurflutt óbreytt.

Í greinargerð með frumvarpi til fyrri fjárukalaga ársins 1997 er fjallað um meginatriðin í framvindu ríkisfjármála á árinu 1997 og rakin helstu frávik tekna og gjalda frá fjárlögum. Þar koma einnig fram ítarlegar skýringar á nýjum fjárveitingum sem óskað var eftir til viðbótar við heimildir fjárlaga. Þá verður lögð fyrir Alþingi *Skýrsla um ríkisfjármál árið 1997*, þar sem afkoma ríkissjóðs eftir greiðsluuppgjör er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum. Er vísað til þess rits um nánari upplýsingar.

Á síðasta ári var sú breyting gerð á uppsetningu lagagreina þessa frumvarps miðað við fyrri ár að eingöngu var sótt um heimildir fyrir greiðslum umfram fjárveitingar í fjárlögum og fyrri fjárukalögum ársins. Niðurfelling óhafinna fjárveitinga var því ekki tilgreind sérstaklega í lagagreinum frumvarpsins. Þessi breytta framsetning er byggð á því sjónarmiði að þar sem fjárveitingar fjárlaga gilda einungis til eins árs í senn þarf ekki að ákvarða niðurfellingu óhafinna fjárveitinga í árslok með frumvarpi til fjárukalaga. Eftir sem áður kemur fram í greinargerð frumvarpsins og fylgiskjölum hvernig fyrirhugað er að hækka eða lækka fjárveitingar gildandi fjárlaga í fyrri fjárukalögum ársins með hliðsjón af óhöfnum fjárveitingum og umframgjöldum í lok liðins árs. Sami háttur er hafður á uppsetningu frumvarpsins í ár. Í fyrri fjárukalögum ársins 1997 var framsetning lagagreina færð í nýjan búning til samræmis við breytingar á fjárlögum ársins 1998 vegna nýrra laga um fjárreiður ríkisins. Þeirri framsetningu er einnig fylgt í þessu frumvarpi.

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjárveitingar ársins 1997 í samanburði við niðurstöður:

## Afkoma ríkissjóðs

Greiðslugrunnur	Fjárlög 1997 m.kr.	Fjár- aukalög 120/1997 m.kr.	Heimildir alls 1997 m.kr.	Greiðslur 1997 m.kr.	Mismunur heimilda og greiðslna m.kr.
Tekjur .....	126.224	5.557	131.781	131.990	209
Gjöld .....	126.100	7.530	133.630	130.753	-2.877
<b>Rekstrarafkoma</b> .....	<b>124</b>	<b>-1.973</b>	<b>-1.849</b>	<b>1.237</b>	<b>3.086</b>
<i>Rekstrarafkoma án áhr. innköllunar</i> ..	-	1.827	1.951	5.037	6.886
Veitt lán, nettó .....	2.470	-3.745	-1.275	-530	745
Hluta- og stofnfjárframlög .....	-400	250	-150	-83	67
Viðskiptareikningar .....	-400	-	-400	-1.249	-849
<b>Hrein lánsfjárbætur</b> .....	<b>-1.794</b>	<b>5.468</b>	<b>3.674</b>	<b>625</b>	<b>-3.049</b>
Lántökur, nettó .....	-1.740	4.311	2.571	401	-2.170
Innlend lántaka - afborganir .....	78	4.335	4.413	6.859	2.446
Erlend lántaka - afborganir .....	-1.818	-24	-1.842	-6.458	-4.616
<b>Greiðsluafkoma</b> .....	<b>54</b>	<b>-1.157</b>	<b>-1.103</b>	<b>-224</b>	<b>879</b>

Við setningu fjárlaga fyrir árið 1997 var gert ráð fyrir að tekjur og gjöld stæðu í járnnum í lok ársins. Samkvæmt greiðsluuppgjöri var ríkissjóður hins vegar rekinn með 5 milljarða króna afgangi á árinu. Afgangurinn svarar til um 3,8% af ríkistekjum og um 1% af áætlaðri landsframleiðslu ársins 1997. Er það í fyrsta sinn um langt árabil sem rekstur ríkissjóðs skilar tekjuafgangi. Eru þá undanskildar vaxtagreiðslur að fjárhæð 3,8 milljarðar króna, sem færðar voru til bókar á greiðslugrunni í kjölfar sérstakrar innköllunar á mörgum eldri flokkum spariskírteina. Við þá endurfjármögnun falla vaxtagreiðslur ríkissjóðs til fyrr en ella. Að þessari sérstöku aðgerð meðtalinni var tekjuafgangurinn 1,2 milljarðar króna á greiðslugrunni.

Heildartekjur ríkissjóðs árið 1997 urðu um 132 milljarðar króna eða um 200 m.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í endurskoðaðri áætlun fjármálaráðuneytisins sem fram kom í fyrri fjárukalögum ársins 1997. Hlutfall ríkistekna af landsframleiðslu ársins 1997 er áætlað 25% og er það ívið lægra en árið áður. Hækkun tekna frá því sem reiknað var með við setningu fjárlaga nam um 5,8 milljörðum króna og veldur það mestu um afkomubata ríkissjóðs. Þar gætir áhrifa af hagstæðri efnhagsframvindu á árinu. Hagvöxtur er áætlaður um 5% og aukning kaupmáttar ráðstöfunartekna á mann er metin á 6%.

Heildarútgjöld ríkissjóðs urðu 127 milljarðar króna, að frátöldum framangreindum áhrifum af sérstakri innlausn spariskírteina, eða um 0,8 milljörðum króna hærrí en gert var ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Hlutfall útgjaldanna af landsframleiðslu er áætlað 24,1% og lækkar verulega frá árinu áður, eða um 1,7%. Útgjöldin reyndust vera um 2,9 milljörðum króna lægri en heimildir fjárlaga og fjárukalaga. Skýrist það annars vegar af því að fjárhæð vegna nokkurra liða reyndist vera minni en búist var við, en þar má t.d. nefna um 600 m.kr. vegna vaxtagjalda, 210 m.kr. vegna ríkisábyrgða, 150 m.kr. vegna bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og 120 m.kr. vegna Ábyrgðasjóðs launa. Hins vegar eru ýmsir liðir þar sem greiðslur frestast og falla ekki til fyrr en á árinu 1998, en þar má t.d. nefna um 400 m.kr. vegna byggingaframkvæmda hjá menntamálaráðuneytinu og 200 m.kr. óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa.

**Óhafnar fjárveitingar og umframgjöld.** Óhafnar fjárveitingar ráðuneyta námu alls 5.758 m.kr. í árslok 1997 en greiðslur umfram veittar heimildir 2.883 m.kr. Sótt er um heimildir fyrir umframgreiðslunum í þessu frumvarpi til síðari fjárukalaga ársins 1997, eins og fram kemur í niðurstöðusamtölu 2. gr. Mismunur afgangsheimilda og umframgreiðslna nemur 2.875 m.kr., eins og fram kemur í samtölu gjalda í 1. gr.

Í fylgiskjali 1 eru sýndar fyrirhugaðar breytingar á fjárveitingum í fjárlögum ársins 1998 vegna stöðu fjárheimilda í árslok 1997, eða svonefndar yfirfærslur milli ára. Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir að þessar ráðstafanir komi til ákvörðunar í fyrri fjárukalögum ársins 1998.

Í fylgiskjali 2 eru sýnd umframgjöld og afgangsheimildir sem falla niður í lok ársins 1997 og ekki er fyrirhugað að draga frá eða bæta við fjárveitingar ársins 1998. Gert er ráð fyrir að óhafnar fjárveitingar sem falla niður verði alls 1.631 m.kr. og að umframgjöld ársins 1997 sem ekki koma til lækkunar á fjárheimildum 1998 nemi 331,5 m.kr.

Fjárhæðir í fylgiskjöllum eru sundurgreindar eftir hagrænni skiptingu í rekstur, tilfærslur, viðhald og stofnkostnað. Einnig eru gefnar stuttar skýringar á málum þar sem ástæða þykir til.



Í töflunni hér að neðan eru sýndar þær breytingar á gildandi fjárveitingum ráðuneyta sem fyrirhugað er að leggja til með frumvarpi að fyrri fjárukalögum ársins 1998 með hliðsjón af stöðu fjárheimilda í árslok 1997. Gert er ráð fyrir að heimildir til rekstrar verði auknar um 1.717 m.kr. á árinu 1998 vegna afgangsheimilda liðins árs en að rekstrarfjárveitingar skerðist á móti um 1.739 m.kr. vegna umframgjalda. Afgangur á tilfærsluframlögum sem gert er ráð fyrir að komi með sama hætti til viðbótar við gildandi fjárlög nemur 730 m.kr. Þá nema óhafnar fjárveitingar til viðhalds og stofn-  
kostnaðar 868 m.kr. Þannig er fyrirhugað að hrein aukning nýrra heimilda umfram skerðingu nemi 1.576 m.kr. á árinu 1998 vegna þessara ráðstafana.

### Breytingar framlaga 1998 vegna óhafinna fjárveitinga og umframgjalda 1997

Greiðslugrunnur	Umframgj. 1997 m.kr.	Óhafð 1997 m.kr.	Rekstur fluttur umframgj. m.kr.	Rekstur fluttur afgangur m.kr.	Tilfærslur fluttur staða m.kr.	Stofnkostn. og viðhald fluttur staða m.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	31,0	63,6	10,8	17,5	-	34,4
01 Forsætisráðuneyti	22,0	107,3	15,2	40,6	9,1	27,6
02 Menntamálaráðuneyti	827,8	1.018,3	682,8	307,6	161,4	403,1
03 Utanríkisráðuneyti	79,6	356,6	31,1	72,4	138,7	91,4
04 Landbúnaðarráðuneyti	218,8	201,0	93,5	34,0	37,6	-23,6
05 Sjávarútvegsráðuneyti	41,8	165,2	16,9	91,5	16,3	16,7
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	323,2	311,9	220,2	204,6	-0,9	18,0
07 Félagsmálaráðuneyti	195,3	584,1	158,2	290,4	119,0	23,1
08 Heilbr.- og tryggingamálaráðuneyti	721,1	1.053,3	294,0	341,8	43,5	53,5
09 Fjármálaráðuneyti	219,1	1.307,9	72,2	135,1	94,5	162,9
10 Samgönguráðuneyti	29,9	350,3	26,6	57,2	67,9	34,9
11 Iðnaðarráðuneyti	36,4	88,0	18,8	70,3	10,7	-1,9
12 Viðskiptaráðuneyti	19,3	7,0	14,7	2,1	1,4	-
13 Hagstofa Íslands	20,0	16,5	5,2	11,4	5,1	-14,8
14 Umhverfissráðuneyti	97,2	126,9	78,6	40,3	25,7	42,3
<b>Samtals</b>	<b>2.882,5</b>	<b>5.757,9</b>	<b>1.738,8</b>	<b>1.716,8</b>	<b>730,0</b>	<b>867,6</b>

## Nánari skýringar um einstök ráðuneyti, sbr. fylgiskjöl 1 og 2

### 00 Æðsta stjórn ríkisins

Greiðslur æðstu stjórnar ríkisins voru 32,6 m.kr. lægri en fjárveitingar í fjárlögum og fjárukalögum. Leitað er eftir viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 31 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 63,6 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld Hæstaréttar, 4,4 m.kr., komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998 þar sem launagiöld urðu meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Hið sama gildi um gjöld vegna opinberra heimsókna sem fóru 4,1 m.kr. fram úr fjárlögum. Fyrirhugað er að fjárveitingar í fjárlögum 1998 skerðist sem nemur öðrum umframgjöldum að fjárhæð 22,5 m.kr. með fyrri fjárukalögum ársins 1998. Þar er helst að nefna 5,7 m.kr. hjá Lýðveldissjóði á viðfangsefni til eflingar íslenskrar tungu, 5,3 m.kr. á rekstrarskrifstofu Alþingis og 4 m.kr. á fasteignalið, 3,5 m.kr. rekstrargjöld á embætti forseta Íslands og 2,0 m.kr. stofnkostnaður hjá Ríkisendurskoðun.

Miðað er við að allar óhafnar fjárveitingar ársins 1997 bætist við fjárveitingar gildandi fjárlaga. Þar vega þyngst 28,9 m.kr. til mannvirkjagerðar á Bessastöðum en fjárveitingar til þess verkefnis flytjast að veltu milli ára eftir því sem framkvæmdum miðar áfram. Þá er 9,0 m.kr. afgangur á viðfangsefninu Alþingiskostnaður og 3,9 m.kr. á þingmálaskrifstofu Alþingis. Þá er ráðgert að 7 m.kr. framlag til byggingar minningar-  
kapelli að Ljósavatni færist til viðbótar fjárveitingum á árinu 1998. Hér er um þriggja ára verkefni að ræða þar sem veita á 7 m.kr. á ári til byggingar kapellunnar og er fyrirhugað að hún verði tilbúin árið 2000 á 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi. Þá er óhafin 5,7 m.kr. fjárveiting hjá Lýðveldissjóði á viðfangsefni til vistfræðirannsókna á lífríki sjávar.

### 01 Forsætisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 85,3 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 22 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 107,3 m.kr.

Ráðgert er að fjárveitingar fjárlaga 1998 verði í öllum tilfellum lækkaðar sem nemur umframgjöldum liðins árs. Aðallega er um að ræða 10,8 m.kr. vegna reksturs þjóðgarðsins á Þingvöllum, 3,5 m.kr. vegna ýmissa verkefna ráðuneytisins og 2,6 m.kr. vegna stofnkostnaðar við embætti umboðsmanns barna.

Samtals er áætlað að fella niður 23,2 m.kr. í óhöfnum fjárveitingum, þar á meðal 21,7 m.kr. afgang á fjárheimild til embættis Húsameistara ríkisins. Hér er um að ræða útistandandi kröfur sem enn eru að innheimtast, en stofnuninni hefur verið lokað. Þá fellur einnig niður 1,5 m.kr. tilfærsluframlag til norrænu ráðherranefndarinnar þar sem hlutur Íslands í kostnaði við starfsemi nefndarinnar varð minni en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Sótt verður um framlög sem samsvara öðrum óhöfnum heimildum, samtals að fjárhæð 84,1 m.kr., í fjárukalögum ársins 1998. Þar vegur þyngst 16 m.kr. framlag til að kosta þátttöku Íslands í heimssýningunni í Lissabon, sem haldin verður á árinu

1998. Veitt var 20 m.kr. til undirbúnings að þessu verkefni í fjárukalögum 1997. Þá er gert ráð fyrir að 15,2 m.kr. til endurgerðar Stjórnarráðshúss færist til ársins 1998, en uppgjöri vegna framkvæmda við húsið lýkur á því ári. Þá eru óhafnar 9,7 m.kr. af fjárveitingu til fasteigna og framkvæmda í Þjóðgarðinum á Þingvöllum og 6 m.kr. styrkur til Hins íslenska bókmenntafélags til ritunar Sögu Íslands, en það er verkefni til nokkurra ára. Loks er gert ráð fyrir að 6,4 m.kr. afgangur á rekstri Norðurlandaskrifstofu verði nýttur til að mæta auknum útgjöldum vegna formennsku Íslands í norrænu samstarfi næstu tvö árin.

## 02 Menntamálaráðuneyti

Greiðslur voru 190,5 m.kr. lægri en fjárveitingar. Leitað er eftir 827,8 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 1.018,3 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 17,4 m.kr. falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Hér er um að ræða kostnað sem leiðir af flutningi verkefna til sveitarfélaga, aðallega vegna biðlauna fyrrum starfsmanna grunnskólans. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum annarra liða á árinu 1998 nema 810,4 m.kr. Þar af eru 682,8 m.kr. vegna rekstrarhalla stofnana. Hæsta fjárhæðin er 85,3 m.kr. hjá Háskóla Íslands og skýrist aðallega af ónnheimtum tekjum vegna verkefna sem skólinn vinnur að. Umframgjöld vegna reksturs Kvikmyndasjóðs eru 45,2 m.kr. en á móti kemur ónotuð heimild á tilfærslulið. Uppsöfnuð umframgjöld Tækniskóla Íslands á síðustu tveimur árum eru 29,9 m.kr. og skýrast af breytingum á námsframboði. Umframgjöld Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála eru 11,1 m.kr. vegna verkefna sem nú er lokið, m.a. samræmdra prófa. Umframgjöld framhaldsskóla vegna reksturs eru í heildina 441,3 m.kr. Á móti koma 236,7 m.kr. óhafnar fjárveitingar, að stórum hluta hjá sömu skólum og eru með umframgjöld, enda er algengt að skólarnir bóki kostnað ekki á sömu viðfangsefni og fjárveiting er færð á. Skýringar á umframgjöldum eru aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi áttu sumir skólanna töluverðar bankainnistæður í árslok sem ekki höfðu verið bókfærðar. Í öðru lagi höfðu skólar sem tóku í notkun nýtt húsnæði meiri kostnað af því en gert hafði verið ráð fyrir. Í þriðja lagi hafa fjárveitingar og kostnaður ekki í öllum tilvikum fylgt frávikum frá nemendaáætlun sem notuð er við gerð fjárlaga, eins og gert er ráð fyrir. Mestu munar um umframgjöld Menntaskólans í Kópavogi, 34 m.kr., Verkmenntaskólans á Akureyri, 29 m.kr., Fjölbautaskólans í Breiðholti, 24 m.kr., Menntaskólans á Akureyri, um 20 m.kr., Flensborgarskóla um 16 m.kr., Menntaskólans á Laugarvatni, 14 m.kr., Borgarholtsskóla um 14 m.kr. og Stýrimannaskólans í Reykjavík, 7 m.kr.

Fyrirhugað er að af óhöfnum fjárveitingum falli 18,6 m.kr. niður og bætist ekki við fjárveitingar gildandi fjárlaga. Þar er hæsta fjárhæðin 16,5 m.kr. afgangur af fjárveitingu til að endurgreiða sveitarfélögum útlagðan kostnað vegna kostnaðar við dagvistun fatlaðra leikskólabarna. Verkefnið færðist til sveitarfélaga 1. janúar 1998 og er samkomulag við sveitarfélögin um að uppgjöri á kostnaði fyrri ára sé lokið. Þá er 1,5 m.kr. afgangur vegna launa stórmeistara í skák þar sem tveir stórmeistarar fóru af starfslaunum á árinu 1997. Miðað er við að aðrar afgangsheimildir verði veittar að nýju með fjárukalögum ársins 1998, samtals 999,7 m.kr. Af þeirri fjárhæð eru 307,6 m.kr. vegna rekstrarheimilda. Þar ber hæst 40,2 m.kr. vegna ýmissa fræðsluverkefna í grunn-

og framhaldsskólum sem er ólokið, m.a. samningu nýrrar aðalnámskrár, og 24,4 m.kr. afgang af sérstakri fjárveitingu til að greiða fyrir rekstrarhagræðingu á árinu 1997. Þá eru 218,8 m.kr. vegna tilfærsluheimilda. Þar ber hæst 71,9 m.kr. afgang á Listasjóðum, 21,8 m.kr. hjá Kvikmyndasjóði og 13,5 m.kr. vegna aðildargjalda ESB. Greiðslur vegna þessara verkefna verða inntar af hendi á árinu 1998. Óhafin heimild vegna viðhalds- og stofnkostnaðar er samtals 473,3 m.kr. Mestu munar um 245,5 m.kr. vegna tafa á framkvæmdum framhaldsskóla m.a. hjá Menntaskólanum í Reykjavík og Borgarholts-skóla. Þá skýrast 157,9 m.kr. af töf á framkvæmdum við menningarbyggingar, einkum við Þjóðminjasafnið.

### 03 Utanríkisráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 277 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 79,6 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 356,6 m.kr.

Útgjöld umfram fjárheimildir sem áformað er að falli niður nema alls 6,1 m.kr. en þar er um að ræða samningsbundin þáttökuframlög til nokkurra alþjóðastofnana sem urðu hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Fyrirhugað er að önnur umframgjöld ársins 1997, samtals að fjárhæð 73,5 m.kr., komi til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Þar af eru 31,1 m.kr. í rekstri. Er þar helst að telja 8,3 m.kr. á yfirstjórn og varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins. Umframkostnaður við rekstur ríkislögreglunnar á Keflavíkurflugvelli nam 7,5 m.kr. Nokkur sendiráð voru einnig með rekstrargjöld yfir fjárheimildum, samtals 14,6 m.kr. Þá voru útgjöld til tækja og búnaðar sendiráða 12 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Tilfærslur voru 28,7 m.kr. hærri en áætlað var. Mest munar þar um 15,6 m.kr. vegna framlaga í Þróunarsjóð EFTA en uppgjöri sjóðsins lýkur á árinu 1998.

Af óhöfnum fjárveitingum er fyrirhugað að fella niður samtals 11,7 m.kr. Er það tilfærsluframlög vegna erlends samstarfs sem ekki hafa reynst eins fjárfrek og ætlað var við gerð fjárlaga. Óhafnar fjárveitingar sem áformað er að komi til hækkunar á fjárveitingum gildandi fjárlaga nema alls 344,9 m.kr. Þar af eru 72,4 m.kr. á rekstri, 167,4 m.kr. á tilfærslum og 105,1 m.kr. til viðhalds og stofnkostnaðar. Meðal óhafinna rekstrarfjárveitinga eru 15,7 m.kr. til sendiráðs Íslands í Brussel og hjá Evrópusambandinu, en þar fellur kostnaður til síðar en ætlað var. Þá eru 12,4 m.kr. eftir til að kosta rekstur Lóranstöðvarinnar við Gufuskála, en sá kostnaður fellur til snemma á árinu 1998. Önnur rekstrarframlög sem áformað er að færa yfir áramót eru minni háttar. Meðal óhafinna tilfærsluframlaga eru hæstu fjárhæðirnar 36,2 m.kr. fjárheimild til aðstoðar við endurreisnarstarf í Bosníu-Herzegóvínu og 26,5 m.kr. til aðstoðar á svæðum Palestínumanna í Ísrael. Aðstoðin er í báðum tilvikum veitt til nokkurra ára samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar. Sama gildir um 31,7 m.kr. afgang á framlagi til friðargæslu á Balkanskaga, en þar eru færð útgjöld vegna hjálparstarfa íslenskra lækna, hjúkrunarfólks og lögreglumanna í Bosníu. Þá er gert ráð fyrir að 32,6 m.kr. afgangi á framlagi til Eftirlitsstofnunar EFTA og til EFTA-dómstólsins verði varið til að mæta umframútgjöldum vegna uppgjörs á Þróunarsjóði EFTA á árinu 1998. Einnig er áformað að 14,4 m.kr. fjárheimild til að greiða þáttökugjöld Íslands í NATO verði í stað þess notuð til að efla

fastanefnd Íslands hjá NATO í samræmi við ríkisstjórnarsamþykkt. Meðal fjárveitinga til stofnkostnaðar sem áformað er að færa til ársins 1998 eru 74,4 m.kr. til aðseturs sendiráðsins í London og 19,4 m.kr. til endurbyggingar sendiherrabústaðarins í Washington. Stefnt er að því að framkvæmdunum ljúki á árinu 1998.

#### 04 Landbúnaðarráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 17,8 m.kr. hærri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 218,8 m.kr. en óhafnar fjárveitingar námu 201 m.kr.

Gert ráð fyrir að 8 m.kr. umframgjöld á árinu 1997 komi ekki til lækkunar á fjárveitingum ársins 1998. Skýrist það að mestu af 7,8 m.kr. vegna beinna greiðslna til sauðfjárbænda. Miðað er við að önnur umframgjöld ráðuneytisins, samtals að fjárhæð 210,8 m.kr., skerði fjárveitingar í gildandi fjárlögum. Halli varð á ýmsum rekstrarliðum ráðuneytisins sem alls nemur 93,5 m.kr. Hæstu fjárhæðirnar eru 32,8 m.kr. hjá Yfirdýralækni, 11,2 m.kr. hjá Veiðimálastofnun og 9,2 m.kr. halli hjá Skógrækt ríkisins. Halli á þessum liðum stafar af uppsöfnuðum rekstrarvanda undanfarinna ára. Umframgjöld í tilfærslum nema 66,5 m.kr. og stafa að stærstum hluta af 46,7 m.kr. útgjöldum vegna uppkaupa á fullvirðisrétti á grundvelli búvörusamnings. Loks voru umframgreiðslur vegna viðhalds- og stofnkostnaðar 50,8 m.kr. Þar af voru 15,4 m.kr. vegna Bændaskólans á Hvanneyri, 10,8 vegna Garðyrkjuskóla ríkisins og loks 9,3 m.kr. vegna Bændaskólans á Hólum. Í öllum þessum tilfellum er um að ræða umframgjöld sem verða greidd af framkvæmdafé á árinu 1998.

Fyrirhugað er að óhafnar fjárveitingar í árslok 1997 sem nema 35,7 m.kr. falli niður. Þar munar mest um 22,2 m.kr. afgang á samningsbundnum beinum greiðslum til bænda vegna mjólkurframleiðslu og 12 m.kr. af greiðslum vegna smitsjúkdóma og salmonellumengunar. Alls er ráðgert að 165,3 m.kr. af afgangsheimildum bætist við fjárveitingar í fjárlögum ársins 1998. Óhafnar fjárveitingar í rekstri nema 34 m.kr. og skiptast á nokkra liði. Óhafin tilfærsluframlög nema 104,1 m.kr. og er hið hæsta 43,7 m.kr. vaxta- og geymslukostnaður vegna búvörusamnings en 19,4 m.kr. eru vegna afsetningar birgða.

#### 05 Sjávarútvegsráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 123,4 m.kr. lægri en fjárveitingar. Sótt er um 41,8 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar námu 165,2 m.kr.

Fyrirhugað er að öll umframgjöld færist til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Stærsti liðurinn meðal umframgjalda eru 15,6 m.kr. til viðhalds skipa Hafrannsóknastofnunarinnar. Þá nema umframgjöld í rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins 11,7 m.kr.

Áformað er að 15,8 m.kr. í óhöfnum útgjöldum falli niður. Þar eru helst 8,4 m.kr. framlög til að greiða kostnað við úrskurðarnefndir, auk 6,4 m.kr. framlags til nokkurra stofnana í alþjóðahafrannsóknnum (ICES, NAFO, NEAFC), en þáttökugjöld Íslands reyndust minni en áætlað var. Loks fellur 1 m.kr. framlag til Verðlagsráðs sjávarútvegsins niður en starfsemi þess var lítil sem engin á árinu. Áformað er að færa samtals

149,4 m.kr. í óhöfnum fjárveitingum til næsta árs. Óhafnar fjárveitingar til reksturs sem áformað er að bætist við fjárveitingar gildandi fjárlaga nema alls 91,5 m.kr. Þar af eru 29,4 m.kr. í rekstri Fiskistofu þar sem útgjöld falla til síðar en tekjur svo og 17,8 m.kr. til reksturs landamærastöðva en útgjöld þess verkefnis hafa frestast til ársins 1998. Á rekstri Hafrannsóknastofnunarinnar er 13,8 m.kr. afgangur. Þá er 7,1 m.kr. til sjóvinnukennslu óhafin en áformað er að nota þá fjárhæð snemma á þessu ári. Af 20,2 m.kr. í óhöfnum tilfærslum sem ráðgert er að bætist við fjárveitingar ársins 1998 eru 15 m.kr. til starfsmenntunar, markaðsöflunar, kynninga og tilrauna, en útgjöld af þessum lið eru aðallega til starfsmenntunar. Þá er óhafin 9,5 m.kr. fjárheimild til undirbúnings að byggingu aðseturs fyrir matvæla- og sjávarútvegsrannsóknir sem upphaflega var veitt með fjáráukalögum ársins 1993. Sú heimild hefur verið færð milli ára síðan þá en áformað er að hefja framkvæmdir á árinu 1998.

## 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 11,3 m.kr. hærri en fjárveitingar. Leitað er eftir 323,2 m.kr. viðbótarheimild vegna umframgjalda en óhafnar fjárveitingar voru 311,9 m.kr.

Gert er ráð fyrir að umframgjöld að fjárhæð 67,7 m.kr. falli niður og komi ekki til skerðingar á fjárveitingum ársins 1998. Þar skal fyrst telja 22,3 m.kr. umframgjöld Rannsóknarlögreglu ríkisins en stofnunin var lögð niður á síðasta ári. Í öðru lagi hefur opinber réttaraðstoð reynst 22,2 m.kr. kostnaðarmeiri en fjárveitingar í fjárlögum gerðu ráð fyrir. Hér er um lögbundin útgjöld að ræða og kostnaðurinn sem fellur til er vegna gjafsókna. Í þriðja lagi eru umframútgjöld aðalskrifstofu 20,4 m.kr. en aðalskrifstofan hefur átt við nokkurn rekstrarvanda að stríða undanfarin ár. Að lokum er fyrirhugað að fella niður 2,8 m.kr. vegna meðdómsmanna en heimilt er samkvæmt lögum að kalla þá til við málsmeðferð fyrir dómstólum. Eðli máls samkvæmt getur sá kostnaður verið mjög mismunandi milli ára. Umframgjöld sem ráðgert er að komi til lækkunar á fjárveitingum í fjárlögum 1998 nema 255,5 m.kr. og eru að mestu vegna rekstrarhalla stofnana. Hæsta fjárhæðin er 45,8 m.kr. hjá Lögreglustjóranum í Reykjavík en launaliður stofnunarinnar hefur verið verulega umfram fjárlög. Rekstrarhalli sýslumannsembættisins á Akranesi nemur 26,2 m.kr. í lok síðasta árs en rekstur embættisins hefur um árabíl verið umfram fjárlög og eykst hallinn um 7 m.kr. frá árslokum 1996. Nokkur önnur sýslumannsembætti eru einnig með verulegan rekstrarhalla, s.s. Keflavík 10,1 m.kr., Akureyri 9,7 m.kr. og Selfoss 9,4 m.kr. Útgjöld biskupsstofu eru 16,8 m.kr. umfram heimildir en umfang rekstrarins hefur verið meira en fjárveiting í fjárlögum gerir ráð fyrir. Einnig er 10,3 m.kr. halli á greiðslum til launa- og embættiskostnaðar presta og prófafa en í lok árs 1996 var afgangur tæplega 8 m.kr. Ýmis sameiginlegur kostnaður sýslumannsembættis er 10,3 m.kr. umfram heimildir, m.a. vegna aukinnar útgáfu vegabréfa og ökuskírteina. Útgjöld nokkurra viðhalds- og stofnkostnaðarliða eru meiri en gert er ráð fyrir í fjárlögum og má þar helst nefna 23,9 m.kr. vegna upplýsingakerfa sýslumanna og 10,1 m.kr. vegna bifreiðakaupa til sýslumannsembættis.

Fyrirhugað er að af óhöfnum fjárveitingum falli 54,9 m.kr. niður og bætist ekki við fjárveitingar gildandi fjárlaga. Þar er hæsta fjárhæðin 18,6 m.kr. afgangur af rekstri Stjórnartíðinda en bæði reyndust tekjur hærri og gjöld lægri en áætlað auk þess sem nokkur afgangur var frá fyrri árum. Greiðslur nokkurra bundinna útgjaldaliða urðu lægri

en gert var ráð fyrir í fjárlögum en þar er helst að nefna bætur brotaböla, 11,5 m.kr, réttarástoð til einstaklinga við að leita nauðasamninga, 9,2 m.kr. og kostnaður samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, 6,8 m.kr. Að lokum er áformað að 6,4 m.kr. umframrekstrarútgjöld Schengen-samstarfsins falli niður en kostnaður vegna aðildargjalda og þýðingar á gögnum var ofmetinn í fjárlögum 1997. Miðað er við að aðrar afgangshæðir að fjárhæð 257 m.kr. verði veittar að nýju með fjárukalögum ársins 1998. Af þeirri fjárhæð eru 204,6 m.kr. vegna rekstrarheimilda. Þar ber hæst 32 m.kr. á lið örorkumatsnefndar þar sem tekjur til nefndarinnar skila sér áður en til útgjalda kemur. Rekstrarafgangur Landhelgisgæslu Íslands er 31 m.kr. og skýrist af framlagi úr landhelgissjóði á síðasta ári. Þá var rekstrarhagræðingarheimild að fjárhæð 28 m.kr. ekki nýtt á síðasta ári. Rekstur sýslumannsins í Hafnarfirði er samtals 15,2 m.kr. innan heimilda og rekstur Héraðsdóms Reykjaness er 10,9 m.kr. innan heimilda. Þá var 11,7 m.kr. afgangur vegna undirbúningsvinnu við gerð tölvulesanlegra vegabréfa en verkefnið fór hægar af stað en ráð var fyrir gert, 9,3 m.kr. á lið lagasafns þar sem tekjur og gjöld skila sér ekki á sama tíma og 9,1 m.kr. af kostnaði við löggæslunám, m.a. vegna afgangss frá árinu 1996 og lækkunar dagpeningagreiðslna til nema lögregluskólans. Afgangur er á nokkrum stofnkostnaðarliðum og eru þeir helstir 15 m.kr. á tækja- og búnaðarkaupalið Landhelgisgæslunnar, 15 m.kr. vegna húsnæðis sýslumannsins á Selfossi þar sem framkvæmdir hófust ekki fyrr en í lok síðasta árs og 10 m.kr. til tölvukerfis í tengslum við Schengen-samstarfið en verkið er ekki enn hafið.

## 07 Félagsmálaráðuneyti

Greiðslur ráðuneytisins voru 388,8 m.kr. lægri en fjárveitingar. Farið er fram á viðbótarheimild vegna umframgjalda að fjárhæð 195,3 m.kr. en óhafnar fjárveitingar voru 584,1 m.kr.

